



Fornleifastofnun Íslands  
b.t. Guðrúnar Öldu Gísladóttur  
Bræðraborgastíg 9  
101 Reykjavík

Garðabær, 4. apríl 2025

202503-0244/S.V.

10.01.01

## Efni: Leyfi til rannsókna – Kamphólar- Oddaflóð

Náttúruverndarstofnun hefur móttekið umsókn Fornleifastofnunar Íslands, dagsetta, 24. mars 2025, um leyfi til rannsókna innan friðlandsins Oddaflóð.

Oddaflóð er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 634/1994](#). Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Umferð ökutækja sem ekki tengist hefðbundum nytjum er óheimil nema að fenginni undanþágu Náttúruverndarstofnunar.

### Lýsing verkefnis:

Rannsóknin er hluti verkefnisins Eyðibýli miðalda og mun fara fram á austurbakka Oddaflóða þar sem Ytri-Rangá og Þverá mætast en þar var fornþýlið Kampastaðir. Gengið yrði á rannsóknarstað með skóflur og önnur áhöld, einn könnunarskurður yrði handgraffinn í minjarnar og skilið vel við að rannsókn lokinni. Einnig færi fram borkjarnarannsókn til að átta sig frekar á umfangi og eðli minjanna. Rannsóknin er fyrirhugað á tímabilinu 14.-25. júlí n.k. og mun standa yfir í two daga. Gert er ráð fyrir að fjórir starfsmenn komi að rannsókninni.

### Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið svo að það muni hafa neikvæð tímabundin áhrif á svæðið en að áhrifin séu afturkræf. Svæðið er fuglafriðland og því mikilvægt að verkefnið fari utan varptíma, sem er frá miðjum maí fram í lok júní. Mat stofnunarinnar er að sé farið eftir settum skilyrðum muni verkefnið ekki skerða verdnargildi svæðisins.

### Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Fornleifastofnun Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir fornleifarannsókn innan friðlandsins Oddaflóð sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 14.-25. júlí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólk þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar sem hefur umsjón með svæðinu, með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara, hvenær rannsóknarteymið verður að störfum á svæðinu.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna rannsóknarinnar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknarfólk og farartæki skulu vera auðkennd Fornleifastofnun Íslands og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

**Eftirlit:**

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni stofnunarinnar.

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
*svæðissérfræðingur*

Sigrún Valgarðsdóttir  
*sérfræðingur*